

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 16. júní 2026

Mál nr. S-55/2026:

## Héraðssaksóknari

(Pröstur Þór Guðmundsson saksóknarfulltrúi)

gegn

**Óliver Nóa Haraldssyni**

(enginn)

## Dómur

- Mál þetta var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 16. apríl 2026, á hendur Óliver Nóa Haraldssyni, [...]. Málið var dómtekið 13. maí 2026.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir eftirfarandi brot:

„fyrir eftirtalin brot gegn valdstjórninni, að kvöldi laugardagsins 30. september 2023, utandyra við [...], með því að hafa;

1. sparkað í mjöðm lögreglumanns nr. [...], sem var við skyldustörf,

2. hóttað lögreglumanni nr. [...] lífláti, sem var við skyldustörf og

3. í lögreglubifreið, bitið lögreglumann nr. [...] í hægri olnboga, sem var við skyldustörf, með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn hlaut mar.

Teljast þessi brot varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar“

- Ákærði sótti ekki þing þegar málið var þingfest 13. maí sl. Hann mætti hins vegar fyrir dóminn 15. sama mánaðar, játaði þar skýlaust þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru og bað fyrir afsökunarbeiðni til þeirra sem brotin beindust að. Að framkominni játningu ákærða var farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.
- Um málsatvik vísast til ákæru. Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem í ákæru greinir og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.
- Ákærði er fæddur 2007. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hans, dagsettu 15. apríl 2026, á ákærði nokkurn sakaferil að baki. Af sakaferli hans skiptir hér máli að með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 13. nóvember 2025 í máli nr. S-431/2024 var ákærði sakfelldur fyrir húsbrot, gripdeild og vopnalagabrot og dæmdur til að sæta fangelsi í 60 daga en refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára. Umrædd brot voru framin fyrir

uppsögu tveggja annarra dóma sem féllu í millitíðinni, annars vegar 29. febrúar 2024, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot en ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár, og hins vegar hins vegar 21. maí 2025, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir eignaspjöll og dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Með þeirri refsingu sem ákærða var ákvörðuð með fyrrnefndum dómi 13. nóvember 2025 var honum því gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Auk þess var skilorðsdómurinn frá 21. maí 2025 tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. laganna. Þar sem brotin sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru einnig framin áður en umræddir dómur féllu verður honum nú aftur gerður hegningarauki og skilorðsdómurinn frá 13. nóvember 2025 tekinn upp.

6. Með vísan til framangreinds, ungs aldurs ákærða, játningar hans og þess hve langt er liðið frá atvikum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 90 daga en fullnustu refsingarinnar skal frestað í tvö ár frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.
7. Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem nemur samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins 16.830 krónum.
8. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Matthea Oddsdóttir aðstoðarsaksóknari.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Óliver Nói Haraldsson, sæti fangelsi í 90 daga, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 16.830 krónur í sakarkostnað.

Þorsteinn Magnússon